


Fréttatilkynning

Efni: Könnun MMR á viðhorfum og þátttöku almennings í „Inspired by Iceland“ átaki ferðaþjónustunnar
Úrtak: Íslendingar á aldrinum 18-67 ára
Dagsetning: 10. júní 2010

Tæp 90% svarenda segja átakið „Inspired by Iceland“ vera vel heppnað. Meira en fjórðungur hefur sent myndbandið „Inspired by Iceland“ til vina í útlöndum.

Níu af hverju tíu svarendum í könnun MMR um viðhorf og þátttöku almennings í „Inspired by Iceland“ átaki ferðaþjónustunnar telja átakið vel heppnað. Tæp 70% svarenda höfðu sjálfir séð myndbandið „Inspired by Iceland“ sem Íslendingar voru hvattir til að senda vinum og kunningjum í útlöndum. Hátt í þriðjungur svarenda sagðist hafa sent myndbandið til vina í útlöndum. Af þeim sem höfðu dreift myndbandinu til vina í útlöndum voru 65% sem sögðust hafa fengið jákvæð viðbrögð erlendis frá í kjölfarið.



Spurt var: „Þann 2. júní síðastliðinn hófst kynningarátak fyrir ferðaþjónustuna á Íslandi sem fólst í því að Íslendingar sendu kynningarmyndbandið "Inspired by Iceland" til vina í útlöndum“

a: Hefur þú séð myndbandið?

b: Hefur þú dreift myndbandinu til vina í útlöndum?

-t.d. í tölvupósti, á vefsíðu eða á facebook

c: Hefur þú fengið jákvæð viðbrögð við myndbandinu frá vinum í útlöndum?

-jákvæð viðbrögð geta verið allt frá jákvæðum tölvupósti til ákvörðunar um að ferðast til Íslands

d: Finnst þér átakið "Inspired by Iceland" vera vel heppnað?

Svarmöguleikar voru: Já, Nei og Veit ekki/vil ekki svara. Niðurstöður sýna fjölda þeirra sem tóku afstöðu.

Fjöldi þeirra sem tók afstöðu til einstakra spurninga var eftirfarandi: a: 99,5%, b: 99,5, c: 83,6% og d: 66,0%.



Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.
laugavegi 174, 105 reykjavík, iceland
kt: 461206-0850, vsk.nr. 92612
tel. 354 578 5600, fax. 354 578 5619
mmr@mmr.is, www.mmr.is

Upplýsingar um framkvæmd:

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR*

Könnunaraðferð: Netkönnun (þátttakendur valdir í síma)*

Svarfjöldi: 846 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 8.-10. júní 2010

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.

* Hópur álitsgjafa MMR telur liðlega 12.000 einstaklinga sem valdir hafa verið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og fengnir til þátttöku í netkönnunum með símakönnun. Viðurkenndum aðferðum er beitt svo svörun endurspegli lýðfræðilega samsetningu þjóðskrár. Hópurinn er endurnýjaður vikulega allt árið um kring til að bæta fyrir brottfall og tryggja eðlilega endurnýjun.